



Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2020

Lagt fram í borgarráði
27. ágúst 2020

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar - júní 2020 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, Þjóðarleikvangur ehf., auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs, Strætó og Þjóðarleikvangs er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var neikvæð um 4.504 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 5.917 m.kr. sem var 10.421 m.kr. undir áætlun. Afkoma samstæðunnar var 12.249 m.kr. lægri tímabilið janúar – júní 2020 heldur en hún var fyrir sama tímabil 2019.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 3.111 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 736 m.kr. Niðurstaðan var því 3.846 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 2.648 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 2.083 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 4.731 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 4.694 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 2.787 m.kr. og var niðurstaðan því um 1.907 m.kr. verri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 550 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 2.471 m.kr. og niðurstaðan því 1.921 m.kr. lakari en áætlað var.


Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar - júní 2020 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

1.	Samstæða (Samantekinn reikningur)	3
1.1.	Rekstur samstæðu	3
1.2.	Efnahagur samstæðu	6
1.3.	Sjóðstreymi samstæðu	7
2.	A-hluti	11
2.1.	Rekstur A-hluta	11
2.2.	Efnahagur A-hluta	14
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta	15
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	18
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring	21
2.4.2.	Aðgerðir Fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta	21
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	22
	Viðauki 2: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	26
	Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum	27

1. Samstæða (Samantekinn reikningur)



1.1. Rekstur samstæðu




Rekstrarniðurstaða samstæðu var neikvæð um 4,5 ma.kr. sem var 10,4 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var.

Grunnrekstur samstæðunnar, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA), skilaði 16,4 ma.kr. í afgang sem var um 6,3 ma.kr. undir áætlun.

Hröð kólunin í hagkerfinu á fyrri hluta ársins og lokanir vegna kórónuveirufaraldursins hafa leitt til að sá vöxtur tekna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun hefur ekki skilað sér hvort heldur litið er til útsvarstekna eða annarra tekna. Tekjur tímabilsins voru 598 m.kr. eða 0,6% lægri en á sama tímabili í fyrra. Rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum jukust um 4,7 ma.kr. milli ára en voru engu að síður 1,4 ma.kr. innan fjárheimilda. Lækkun álverðs um 10% ásamt 11,7% veikingu krónunnar frá áramótum leiddi til 8,8 ma.kr. gjaldfærslu.




Rekstrarniðurstaða samstæðu janúar - júní 2020 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




Skatttekjur voru 2,3 ma.kr. undir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 2,9 ma.kr. undir áætlun en fjöldi starfandi fólks í Reykjavík hefur verið að lækka síðustu 12 mánuði auk þess sem vísbendingar eru um að fjöldi vinnustunda hafi einnig dregist saman. Aðrar tekjur voru 3,2 ma.kr. undir áætlun. Launakostnaður var á pari við fjárhagsáætlun og annar rekstrarkostnaður var 1,3 ma.kr. innan fjárheimilda. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða voru 663 m.kr. lægri en áætlað hafði verið. Tekjuskattur reyndist 2,8 ma.kr. tekjufærsla en áætlun gerði ráð fyrir um 1 ma.kr. gjaldfærslu sem skýrist að mestu af rekstrartapi OR á tímabilinu.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstæðu janúar - júní 2020 (m.kr.)



Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 14 ma.kr., þar af námu vaxtagjöld og verðbætur 6,6 ma.kr. Álverð lækkaði um 10% á tímabilinu sem leiddi til 5,7 ma.kr. lækkunar á innbyggðri álafleiðu í raforkusölusamningum. Gjaldfærður gengismunur nam 3 ma.kr. vegna 11,7% veikingar krónunnar á tímabilinu. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 6,9 ma.kr.



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir.




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álfleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir. Í ár nam gjaldfærsla vegna álfleiðunnar 5,7 ma.kr. en á síðasta ári var um 1,4 ma.kr. gjaldfærslu að ræða. Gengismunur OR á tímabilinu var 3 ma.kr. gjaldfærsla samanborið við 1 ma.kr. gjaldfærslu 2019.

1.2. Efnahagur samstæðu

Efnahagur samstæðu (m.kr.)	30.6.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	152.762	151.199	1.563	1,0%
Veitukerfi	334.471	319.445	15.026	4,7%
Fjárfestinga eignir	94.102	92.103	1.999	2,2%
Götur	21.646	20.793	852	4,1%
Aðrir fastafjármunir	22.546	20.818	1.728	8,3%
Langtímakröfur	21.969	18.087	3.882	21,5%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	10.257	10.467	-209	-2,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	39.096	34.056	5.040	14,8%
Handbært fé	27.681	21.947	5.735	26,1%
Eignir samtals	724.530	688.915	35.615	5,2%
Eigið fé	346.466	343.893	2.573	0,7%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.673	37.035	-363	-1,0%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.493	2.493	0	0,0%
Aðrar skuldbindingar	17.463	16.378	1.085	6,6%
Langtímalán	245.228	225.009	20.219	9,0%
Leiguskuldir	12.222	11.626	596	5,1%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	19.680	17.535	2.145	12,2%
Aðrar langtímaskuldir	10.436	5.921	4.515	76,3%
Fyrirfram innborganir	2.338	540	1.798	333,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	31.531	28.485	3.046	10,7%
Skuldir og skuldbindingar samtals	378.064	345.022	33.041	9,6%
Skuldir og eigið fé samtals	724.530	688.915	35.615	5,2%

Hækkun á eigin fjár skýrist aðallega af þýðingarmun vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum og nam 7,4 ma.kr.




Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.


Meðal langtímakrafna er fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörsins við Brú lífeyrissjóð á árinu 2017 sem kemur ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti en þær nema 10,3 ma.kr. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 5,6 ma.kr. sem ekki bera vexti.

Athygli er vakin á að við útreikning þessa hlutfalls er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.


1.3. Sjóðstreymi samstæðu



Handbært fé hækkaði á tímabilinu um 5,7 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum námu 16,7 ma.kr. og var mætt að hluta með veltufé frá rekstri sem nam 13,5 ma.kr. Lántaka og nýjar leiguskuldir námu 20 ma.kr. á tímabilinu og afborganir lána og leiguskulda námu 9 ma.kr.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf samstæðunnar kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta samstæðunnar til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár¹.

Samstæða	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06
Eiginfjárlutfall	43,7%	47,3%	49,6%	49,0%	47,8%
Arðsemi eigin fjár	9,9%	15,9%	6,8%	4,9%	-2,6%
Veltufjárlutfall	1,15	1,56	1,15	1,31	1,19
Langtímaskuldir/eigið fé	93,4%	78,7%	70,0%	72,6%	77,3%
Uppgreiðslutími	7	5	6	7	11
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjur	23,3%	24,7%	21,0%	18,9%	14,7%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	23,3%	26,1%	26,2%	22,4%	17,8%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Staðgreiðsla útsvars var 2,9 ma.kr. undir áætlun. Fjöldi starfandi fólks í Reykjavík hefur dregist saman síðustu 4 ársfjórðunga auk þess sem vísbendingar eru um að fjöldi vinnustunda hafi einnig lækkað. Atvinnuleysi á fyrri helmingi ársins nam 10,9% sem er töluvert yfir langtíameðaltali. Vísbendingar eru um að tekjusakmráttur muni aukast er líður á árið.
- Sala byggingarréttar var 2,2 ma.kr. undir áætlun. Verkefni sem fyrirhuguð voru hafa frestast og óvíst er um þróun sölu byggingarréttar út árið.
- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 490 m.kr. yfir áætlun og notendum þjónustunnar fjölga nú samanborið við sama tímabil árið 2019. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 1.865 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins 2020 en nam 1.260 m.kr. á sama tímabili árið 2019. Kostnaðurinn var því 605 m.kr. hærri í ár eða 48%. Notendum fjölgaði um 421 milli ára.
- Lækkun álverðs um 10% ásamt 11,7% veikingu krónunnar frá áramótum leiddi til 8,8 ma.kr. gjaldfærslu hjá samstæðunni.









¹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Efnahagsáfallið sem gengur yfir heimsbyggðina sökum heimsfaraldurs kórónuveiru er farið að birtast í rekstri samstæðu Reykjavíkurborgar. Þannig hefur veiking krónunnar umtalsverð áhrif á erlend lán OR og álverð hefur lækkað með neikvæðum áhrifum á álafleiðu OR. Mikill tekjusamdráttur hefur orðið hjá Faxaflóahöfnum og Strætó auk Sorpu bs. sökum samdráttar í ferðapjónustu og minni umsvifa innanlands. Gera má ráð fyrir áframhaldandi samdrætti næstu misseri.
- Ljóst er að rekstur A-hluta Reykjavíkurborgar verður mun lakari en fjárhagsáætlun 2020 gerði ráð fyrir. Tekjur eru að dragast saman en útgjöld eru að aukast vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Samkvæmt breytingu á sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. töluliðar 2 m.gr. 64 gr. við stjórn sveitarfélagsins árin 2020-2022.² Þessi skilyrði varða jafnvægis- og skuldareglu sveitarfélaga.
- Grunnskólahluti skóla- og frístundasviðs var 551 m.kr. yfir fjárheimildum eða 3,6%. Á tímabilinu voru 32 borgarreknir grunnskólar af 36 með samtals 707 m.kr. í halla, 27 grunnskólar voru með 2% halla eða meira. Mikilvægt er að sviðið leiti leiða til að ná jafnvægi í rekstri fyrir árslok.
- Kostnaður vegna langtímaveikinda hjá skóla- og frístundasviði var talsvert umfram fjárheimildir. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við mikil útgjöld vegna langtímaveikinda í samvinnu við mannauðs- og starfsþróunarsvið.
- Nettó útgjöld á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks námu 3.685 m.kr. eða 102% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötlud ungmenni á vegum Hins hússins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar - júní 2020.
- Á árinu 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, þar á meðal um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Lögin fólu í sér auknar kröfur til sveitarfélaga án þess að því fylgdi viðbótarfjármagn, sjá nánar umsögn Reykjavíkurborgar með málinu á vef alþingis: <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-195.pdf>.
- Nettó útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur af daggjöldum námu 243 m.kr. á fyrri hluta ársins 2020. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugarstaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2 í greinargerð f fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar – júní 2020.
- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri hjá Félagsbústöðum til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Framlegð OR (EBITDA / rekstrartekjur) er um 59,3% eða sama og á fyrri helming 2019. OR glímir enn við afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Lán sem hafa eigendaábygd hjá OR nema um 88,0 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 82,3 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útlæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá og með árinu 2020 til 2025 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur uppsafnað nettó útlæði gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 20,9 ma.kr.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir OR til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðslufæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóta.
- Veltufé frá rekstri SORPU er lágt og geta félagsins til að standa undir afborgunum lána hefur versnað. Mikilvægt er að þær hagræðingaraðgerðir og fjárhagsleg endurskipulagning SORPU sem unnið er að tryggi sjálfbærni rekstrar samlagsins og að hann standi undir þeim miklu fjárfestingum sem ráðist hefur verið í og lántökum sem þeim tengjast.


² Lög nr. 25 2020 lög um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2020_06	Áætlun	Frávik	%	Raun 2019_06	Breyting	%
Staðgreiðsla	41.941	44.885	-2.944	-6,6%	42.152	-211	-0,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-4.925	-5.441	516	-9,5%	-5.109	184	-3,6%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	1.939	1.400	539	n/a	2.019	-81	-4,0%
Nettó útsvar	38.955	40.844	-1.889	-4,6%	39.062	-107	-0,3%
Fasteignaskattar	9.983	10.337	-354	-3,4%	9.733	250	2,6%
Lóðarleiga	865	913	-48	-5,2%	858	7	0,8%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	0	0	0		0	0	
Fasteignaskattar samtals	10.848	11.250	-402	-3,6%	10.591	257	2,4%
Skatttekjur samtals	49.802	52.094	-2.291	-4,4%	49.653	150	0,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	3.628	3.974	-345	-8,7%	3.653	-25	-0,7%
Þjónustutekjur	4.752	5.254	-502	-9,6%	5.549	-797	-14,4%
Eignatekjur	11.561	11.342	219	1,9%	10.452	1.109	10,6%
Sala byggingarréttar	-44	2.200	-2.243	-102,0%	1.092	-1.136	-104,0%
Söluhagnaður eigna	5	298	-293	-98,4%	16	-11	-70,3%
Endurgreiðslur annarra	2.238	2.000	238	11,9%	1.964	274	13,9%
Aðrar tekjur	1.101	1.133	-32	-2,8%	2.887	-1.785	-61,8%
Milliviðskipti tekin út	-12.284	-11.529	-755	6,5%	-12.885	601	-4,7%
Rekstrartekjur samtals	60.759	66.766	-6.006	-9,0%	62.381	-2.222	-3,6%
Laun og launatengd gjöld	-35.912	-35.667	-246	0,7%	-33.383	-2.529	7,6%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-1.125	-1.675	550	-32,8%	-2.350	1.225	-52,1%
Launakostnaður samtals	-37.037	-37.342	304	-0,8%	-35.733	-1.304	3,6%
Annar rekstrarkostnaður	-23.481	-24.519	1.038	-4,2%	-22.199	-1.281	5,8%
Afskriftir	-2.889	-2.822	-67	2,4%	-2.638	-252	9,5%
Rekstrargjöld samtals	-63.407	-64.682	1.275	-2,0%	-60.570	-2.837	4,7%
Fjármagnsliðir	-463	-1.347	885	-65,7%	-157	-306	194,4%
EBITDA	242	4.905	-4.664	-95,1%	4.448	-4.207	-94,6%
EBIT	-2.648	2.083	-4.731	-227,1%	1.811	-4.458	-246,3%
Rekstrarniðurstaða	-3.111	736	-3.846	-522,8%	1.653	-4.764	-288,1%

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 3,1 ma.kr. sem var 3,8 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var.

Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA), skilaði 242 m.kr. í afgang sem var um 4,7 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur: Skatttekjur voru 49,8 ma.kr. eða 2,3 ma.kr. undir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 2,9 ma.kr. undir áætlun. en tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 539 m.kr. yfir áætlun sem skýrist að mestu af að álagning útsvars var nokkru hærri en reiknað var með. **Útsvarstekjur A-hluta** ráðast af fjölda starfandi í Reykjavík og launavísitölu. Launavísitalan hefur ekki haft teljandi áhrif til lækkunar á útsvarstekjur en fjöldi starfandi í Reykjavík hefur hins vegar verið að lækka síðustu fjóra ársfjórðunga miðað við sama ársfjórðung fyrra árs. Nýjustu tölur fyrir fyrsta ársfjórðung 2020 sýna 2,8% fækkun á fjölda starfandi miðað við sama ársfjórðung 2019. Atvinnuleysi í Reykjavík þessa fyrstu 6 mánuði ársins var að meðaltali 10,9% sem er langt yfir langtímameðaltali. Einnig eru vísbendingar um að fjöldi vinnustunda hafi lækkað enda voru fjölmargir íbúar í Reykjavík í skertu starfshlutfalli á tímabilinu vegna kórónuveirufaldursins. Tekjur frá jöfnunarsjóði hafa einnig lækkað en þær haldast í takt við útsvarstekjur. **Fasteignaskattar**³ voru 10,8 ma.kr. eða 402 m.kr. undir áætlun en nýbyggingar eru að skila sér seinna inn til lokaúttektar en reiknað var með í áætlun. **Þjónustutekjur** voru 502 m.kr. undir sem skýra má vegna áhrifa af kórónuveirufaraldrinum. **Endurgreiðslur annarra**⁴ voru 238 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 282 m.kr. en aukning varúðarniðurfærslu þessa liðar nam 326 m.kr. Áætlaðar tekjur af þessum lið voru 2,2 ma.kr. en hægst hefur á lóðaúthlutum á síðustu mánuðum.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld námu 35,9 ma.kr. og voru um 246 m.kr. yfir fjárheimildum. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar vegna LSrb** nam 1,1 ma.kr. og var 550 m.kr. undir áætlun. Gjaldfærslan tekur mið af væntingum um að hún verði um 2,3 ma.kr. í árslok 2020 í stað áður áætlaðra 3,4 ma.kr. Helstu áhrifaþættir sem hafa áhrif á gjaldfærsluna er þróun launavísitölu opinberra starfsmanna, þróun vísitölu neysluverðs og ávöxtunarkrafa HFF34 flokksins á markaði. Útlit er fyrir lægri verðbólgu á árinu 2020 en gert var ráð fyrir ásamt því sem ávöxtunarkrafa HFF34-flokksins hefur lækkað mikið og hefur þróun þessara stærða neikvæð áhrif á gjaldfærsluna. Á móti eru áhrif launahækkana minni en gert var ráð fyrir. Skýrist það af því að gjaldfærðir voru 3,8 ma.kr. á árinu 2019 vegna kjarasamninga sem samþykktir voru á fyrsta ársfjórðungi 2020 og gætir því þessara áhrifa ekki í gjaldfærslu ársins. **Annar rekstrarkostnaður** nam 23,5 ma.kr. og var um 1 ma.kr. innan fjárheimilda sem að mestu má rekja til að viðskipti milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs voru 755 m.kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Aukin útgjöld Aðalsjóðs vegna kórónaveirufaraldursins um 437 m.kr þessa fyrstu 6 mánuði ársins.⁵



Rekstrarniðurstaða A-hluta var um 3,8 ma.kr. lakari en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Lægri **staðgreiðsla** vegur þar þýngst en hún var 2,9 undir áætlun. Einnig voru tekjur af **sölu byggingarréttar** 2,2 ma.kr. undir áætlun en hægst hefur á lóðaúthlutun á síðustu mánuðum. **Nettó fjármagnstekjur** voru 885 m.kr. yfir áætlun sem skýrist einna helst af betri ávöxtun lausafármuna Reykjavíkurborgar. Ávöxtun af verðbréfasafni og öðru lausafé var 494 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem arður frá dótturfélögum var 270 m.kr. yfir áætlun en arðgreiðslur voru fyrr á ferðinni en reiknað var með.

³ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að fráðregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

⁴ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁵ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar 2019.

Rekstur málaflokkanna


Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Nettó útgjöld janúar-júní 2020	Áætlun janúar-júní 2020	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	561	646	-84	-13%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	1.728	1.764	-36	-2%	3%
Íþrótt- og tómstundasvið	4.772	4.765	7	0%	9%
Menningar- og ferðamálasvið	2.671	2.823	-152	-5%	5%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	144	147	-3	-2%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	737	790	-53	-7%	1%
Skóla- og frístundasvið	27.942	27.668	274	1%	52%
Umhverfis- og skipulagssvið aðalsjóður	4.367	4.103	263	6%	8%
Velferðarsvið án bundinna liða	13.525	13.521	4	0%	25%
Velferðarsvið, bundnir liðir	2.390	1.974	417	21%	4%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	1.075	1.022	53	5%	2%
Sameiginlegur kostnaður án					
Lífeyrisskuldbindinga við LsRb og Brú Isj.	667	786	-119	-15%	1%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb og Brú Isj.	1.317	1.867	-550	-29%	2%
Samtals	61.897	61.876	21	0%	116%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					53.431

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 21 m.kr. innan fjárheimilda. Í síðari hluta töflunnar má sjá hversu hátt hlutfall af skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málaflokka.

Sveiflukenndir liðir


Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast að sama skapi saman á samdráttarskeiðum.

Í myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar að frádreginni varúðarniðurfærslu krafna vegna þeirra síðastliðin 5 ár. Eftir mikla uppsveiflu á árunum 2017 og 2018 þá hefur hægt á sölu byggingarréttar. Hækkun varúðarniðurfærslu nam 1.941 m.kr. árið 2018, 1.451 m.kr. árið 2019 og 326 m.kr. í ár.



2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	30.6.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	123.640	122.802	838	0,7%
Götur	21.064	20.198	867	4,3%
Áhöld og tæki	5.457	5.652	-195	-3,5%
Leigugeignir	5.867	5.234	633	12,1%
Langtímakröfur	17.304	22.487	-5.183	-23,0%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	9.426	9.618	-192	-2,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	21.784	15.036	6.747	44,9%
Handbært fé	8.329	8.840	-512	-5,8%
Eignir samtals	212.870	209.868	3.002	1,4%
Eigið fé	94.556	97.666	-3.111	-3,2%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.027	36.312	-285	-0,8%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.463	2.463	0	0,0%
Langtímalán	50.101	45.266	4.835	10,7%
Leiguskuldir	10.704	10.159	544	5,4%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	2.904	2.493	411	16,5%
Ríkissjóður, fyrirfram innbargað vegna fjárfestinga	175	390	-215	-55,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	15.941	15.118	823	5,4%
Skuldir og skuldbindingar samtals	118.314	112.201	6.113	5,4%
Skuldir og eigið fé samtals	212.870	209.868	3.002	1,4%



Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.


Langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú lífeyrissjóð á árinu 2017 koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti en þær nema 9,4 ma.kr. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 5,6 ma.kr. sem ekki bera vexti.

Athygli er vakin á að við útreikning þessa hlutfalls er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta janúar - júní 2020							
í m.kr.	Staðan 1.1.2020	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma-skulda	Staðan 30.06.2020
Lífeyrisskuldbinding	38.775		-1.410		1.125		38.490
Langtímaskuldir	46.765	5.601	-949	583			51.999
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	80		-63	0			17
Leiguskuldbindingar	11.074	952	-473	138			11.691
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	191					-111	80
Viðskiptaskuldir	4.473					-2.059	2.414
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	1.092					-568	525
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	390					-215	175
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	7.752					3.385	11.138
Aðrar skammtímaskuldir	1.609					176	1.785
	112.201	6.552	-2.895	721	1.125	609	118.314


Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Hækkun launa og launatengdra gjalda má rekja til að desemberlaun voru greidd út 31.12.2019 en laun fyrir júní mánuð 01.07.2020. Undir þessum lið er ógreitt áfallið orlof sem nam 4,7 ma.kr.

2.3. Sjóðstreymi A-hluta




Handbært fé frá áramótum til loka júní lækkaði um 512 m.kr. Fjárfestingar að fráðregnum greiddum gatnagerðargjöldum námu 5,1 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 6,6 ma.kr., þar af voru nýjar leiguskuldir 1 ma.kr. Afborganir lána námu 914 m.kr.

Ljóst var árið 2015 að veltufé frá rekstri var orðið óviðunandi. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016-2020 voru sett fram nokkur markmið til að ná aftur fyrri fjárhagslegum styrkleika, m.a. var markmiðið að koma hlutfalli veltufjár frá rekstri af tekjum í a.m.k. 9% á árinu 2019. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2018-2022 var sett fram markmið um að hlutfallið yrði umfram 9-10% á meðan þensla væri á vinnu- og fasteignamarkaði. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nam 3,1% á fyrstu sex mánuðum ársins 2020.



Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Á árunum 2017-2019 hafa fjárfestingar verið auknar eftir langt aðhaldstímabil árunna á undan. Myndin sýnir að fjárfestingar eru fjármagnaðar með lántökum.












Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:⁶


A-hluti	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06
Eiginfjárlutfall	46,8%	45,8%	46,5%	46,3%	44,4%
Arðsemi eigin fjár	1,3%	9,5%	8,7%	3,4%	-6,4%
Veltufjárlutfall	1,50	2,13	1,13	1,46	1,40
Langtímaskuldir/eigið fé	55,8%	57,6%	52,0%	57,2%	64,3%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	-615,0%	-1061,2%	1154,6%	-331,6%	2082,9%
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir	-2264,1%	-1754,1%	1775,7%	-814,6%	-190,0%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjur	6,3%	12,9%	8,8%	10,0%	3,1%

⁶ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árschlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árschlutareikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnsliði Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 463 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins sem er 885 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 1.723 m.kr. sem er 776 m.kr. umfram áætlun fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Betri niðurstaða skýrist einna helst af betri ávöxtun lausafjármuna Reykjavíkurborgar en ávöxtun af verðbréfasafni og öðru lausafé er 494 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem arður frá dótturfélögum er 270 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem ekki var gert ráð fyrir arði frá Faxaflóahöfnum fyrr en í júlí.


Fjármunsgjöld A-hluta eru undir áætlun eða 2.186 m.kr. meðan áætlun gerði ráð fyrir 2.295 m.kr. í fjármunagjöld.




Handbært fé A-hluta í lok fyrri helming 2020 var 8.329 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 7.518 m.kr. í lok fyrri helming 2020. Betri sjóðstaða skýrist að mestu vegna þess að lántaka A-hluta varð fyrir á árinu en áætlun hafði gert ráð fyrir.



Ávöxtun á handbært fé var umfram áætlun fyrir fyrstu 6 mánuði ársins og var 574 m.kr. samanborið við 164 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði 16,8% ávöxtun á ársgrundvelli á fyrstu 6 mánuðum ársins en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.




Virk fjárstýring leiddi til betri ávöxtunar á handbært fé en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fjárstýringardeild ávaxtar allt laust fé í takti við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma fyrir sig og velur ávöxtunarleið í takti við það og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta.




Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 5.601 m.kr. að markaðsvirði þar af voru óverðtryggð skuldabréf að andvirði 4.744 m.kr. en stefnan hefur verið að reyna að auka vægi óverðtryggðra skulda í langtímalánum borgarinnar.

Langtímalán A-hluta samanstanda að mestu af verðtryggð skuldabréfaflokknum RVK 53 1 en hann er um 57% af langtímalánum A-hluta við lok fyrri helming 2020. Hlutfall óverðtryggðra lána var rúm 19%.





Greiðslur af langtímalánum A-hluta námu samtals 2.036 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins en sjá má skiptingu milli afborganna og vaxta hér að ofan. Myndin sýnir jafnframt framtíðargreiðsluferil núverandi langtímalána á áætluðu verðlagi hvers árs út frá forsendum fjárhagsáætlunar 2021-2024.

Virkir vextir langtímalána A-hluta hafa lækkað talsvert frá árinu 2016, en virkir vextir óverðtryggðra lána hafa lækkað um 1,8% síðan í lok árs 2016 og voru 4,88% við lok fyrri helming 2020 en á tímabilinu gaf Reykjavíkurborg óverðtryggð skuldabréf á bestu ávöxtunarkröfu sem borgin hefur fengið á slík skuldabréf eða 2,99%. Lækkun virkra verðtryggðra vaxta nam 0,04% á fyrstu 6 mánuðum ársins eða úr 3,43% í 3,39%. Skýrist það af vel heppnuðu útboði skuldabréfa, í RVK 32 1 í janúar mánuði en skuldabréfin voru seld á kröfunni 1,58% sem er með því lægsta sem fengist hefur í útboðum Reykjavíkurborgar.



Lán sem veitt hafa verið B-hluta fyrirtækjum

samanstanda af tveimur eigendalánum sem Reykjavíkurborg veitti Orkuveitu Reykjavíkur, það fyrri árið 2011 og seinna árið 2013. Lánin eru bæði verðtryggð til 15 ára og bera 4,25% og 3,05% vexti. Greitt er af lánunum ársfjórðungslega. Eftirstöðvar lánanna voru samtals 9.263 m.kr. í fyrri helmings 2020. Í lok júní 2020 var gert samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um hraðari uppgreiðslu eldra eigendalánsins en í því samkomulagi var gert ráð fyrir að eldra eigendalánið yrði að fullu uppgreitt þann 1. nóvember 2020. Samkomulagið var svo samþykkt í borgarráði þann 2. júlí.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á bilinu 500 til 530 m.kr. á tímabili fjárhagsáætlunar fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 3 milljarðar í lok fyrri helmings 2020. Notkun yfirdráttarheimildir var lítil á fyrstu 6 mánuðum ársins.

2.4.2. Aðgerðir Fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika í lánastýringu, stytta meðallíftíma lána og auka valkosti fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Á fyrstu 6 mánuðum ársins voru gefin út skuldabréf í þessum skuldabréfaflokki fyrir 860 m.kr. að nafnvirði.
2. Í september 2018 hóf fjármálaskrifstofa undirbúningsvinnu við útgáfu grænna skuldabréfa. Sú vinna fól í sér að fjármálaskrifstofa í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og Circular Solutions ehf. bjó til grænan skuldabréfaramma (Green Bond Framework) sem tilgreinir hvernig umhverfisvæn verkefni eru valin og fjármögnuð með útgáfu grænna skuldabréfa. Ekki hafa verið gefin út græn skuldabréf á árinu 2020.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samannþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall samstæðunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að fráðregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímafröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímafröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv. 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Nettó skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum, handbæru fé, bundnum innistæðum og skuldabréfaeign fyrirtækisins.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrækum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum. Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

	A-hluti	Aftvaki	Faxaflóahafnir	Félagsbustaðir	Málbikunar- stöðin Hörféi	Íþróttá- og sýningahöllin	Orkuveita Reykjavíkur	Sökkvillid höfuðsv.	Sorpa	Stræto	Þjófbarleikvangur	Samstaða A- og B-hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,56%	100,00%	100,00%	50,00%	93,539%	60,82%	60,50%	60,30%	50,00%	-
Rekstrartekjur	60.759	0	1.602	2.272			24.272	1.581	1.826	4.068	13	92.169
Rekstrargjöld	63.407	0	1.707	1.222			16.163	1.682	1.733	4.246	21	85.788
Afskriftir	2.889	0	440	6			6.284	62	96	127	0	10.011
Fjármagnslidir	-463	0	-16	-1.215			-11.762	-6	-73	-32	0	13.951
EBIT	-2.648	0	-106	1.050			8.109	-102	93	-178	-8	6.381
EBITDA	242	0	334	1.056			14.393	-40	189	-51	-8	16.392
Hagnaður (- tap)	-3.111	0	149	12	-195	-43	-900	-108	20	-210	-8	-4.504
Fastaðjárnunir	182.757	2	14.200	94.424	744	2.580	363.355	2.376	7.717	2.495	0	657.752
Veltufjárnunir	30.112	9	1.970	1.716	803	466	36.793	394	626	1.023	1	66.777
Heildareignir	212.870	11	16.170	96.140	1.548	3.046	400.148	2.769	8.342	3.518	1	724.530
Skammtimaskuldir	21.483	0	959	1.824	225		35.551	429	1.621	982	1	56.041
Langtimaskuldir	60.804	0	577	44.372	0	2.075	160.009	206	2.481	1.009	0	267.887
Skuldbindingar	36.027	0	0	2.556	13	160	15.792	0	411	0	0	54.136
Heildarskuldir	118.314	0	1.536	48.752	238	2.317	211.351	635	4.513	1.992	1	378.064
Eigið fé 1/1	97.666	11	14.917	47.230	1.513	773	182.299	2.242	3.810	1.737	-3	343.893
Eigið fé 30/6	94.556	11	14.634	47.389	1.310	729	188.796	2.134	3.830	1.526	0	346.466
Skuldir og eigið fé	212.870	11	16.170	96.140	1.548	3.046	400.148	2.769	8.342	3.518	1	724.530
Handbært fé frá rekstri	-693	0	889	246	-291	40	12.520	26	768	179	-15	12.650
Fjárfestingahreyfingar	-4.808	0	-371	-1.798	-33	-18	-10.241	-20	-980	-78	0	-17.837
Ný langtímalán	6.552	0	0	1.517	0	0	11.449	0	0	0	0	19.555
Greiddar atborganir	-1.504	0	0	-403	0	-20	-7.685	-6	-137	-78	0	-8.975
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	0
Greiddur arður	0	0	-432	0	-9	0	0	0	0	0	0	-440
Staða á handbæru fé 30.06.2018	8.329	0	1.404	1.340	141	410	15.097	280	124	471	1	27.681
Veltufé frá rekstri	1.884	0	406	435	-184	39	11.129	-42	141	-67	-8	13.539

Eiginfjárhluftall	44,4%	0	90,5%	49,3%	84,6%	23,9%	47,2%	77,1%	45,9%	43,4%	0,8%	47,8%
Arðsemi eigin fjár	-6,4%	0	2,0%	0,0%	-25,8%	-11,2%	-1,0%	-9,6%	1,0%	-24,2%	592,1%	-2,6%
Veltufjárhluftall	1,40		2,05	0,94	3,58	5,72	1,03	0,92	0,39	1,04	1,01	1,19
Langtimaskuldir/eigið fé	64,3%	0	3,9%	93,6%	0,0%	284,4%		9,7%	64,8%	66,1%	0,0%	77,3%
Vaxtabekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)				1,69								
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)				1,03								
Uppgreiðslutími	16,91		0,83	52,19			8,2					10,62
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	3,1%		25,3%	19,1%			45,9%	-2,7%	7,7%	-1,7%	-65,9%	14,7%
Framlegð (EBITDA) /rekstrartekjur	0,4%		20,9%	46,5%				-2,5%	10,3%	-1,3%	-65,7%	17,8%

Skýringar
 Eiginfjárhluftall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tappöl).
 Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki
 Veltufjárhluftall Veltufjárnunir á móti skammtimaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að innna af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.
 Langtimaskuldir / eigið fé Langtimaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsætingu fyrirtækis.
 Vaxtabekja, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.). Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum
 Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.). Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti atbörgunum og vaxtagreiðslum
 Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtimaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 7.294 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 3.609 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 3.685 m.kr. eða 551 m.kr. yfir áætlun.

Málefni fatlaðs fólks janúar - júní 2020			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		2.710	3.048
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		0	0
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	24
Útvarstekjur 0,25% RVK		722	773
Þjónustutekjur		88	33
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		89	54
Tekjur alls		3.609	3.931
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		4.705	4.248
Húsaleiga		198	265
Annar rekstrarkostnaður		177	611
NPA þjónusta		386	348
Þjónustugjöld (samningar)		1.483	1.218
Stjórnunarkostnaður		28	27
Lengd viðvera ÍTR		63	91
Lengd viðvera SFS		256	257
Gjöld alls		7.294	7.066
Niðurstaða		-3.685	-3.135

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 voru hjúkrunarheimilin rekin með 243 m.kr. halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á tímabilinu 01.01.2008-30.06.2020.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 01.01.2008-30.06.2020 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020_06	179	65	243
Samtals	2.051	1.151	3.202

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 637 m.kr. eða 16 m.kr. undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 505 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 132 m.kr.

Viðauki 3: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 345 m.kr. minna en áætlað var en greiðslur til Jöfnunarsjóðs voru 516 m.kr. lægri en áætlað var.

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2020_06	Áætlun 2020_06	Frávik	%
Hlud. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	2.155	2.380	-226	-9,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	2.770	3.060	-290	-9,5%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	4.925	5.441	-516	-9,5%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2020_06	Áætlun 2020_06	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	2.723	3.048	-325	-10,7%
Framlag vegna sérskóla	759	746	12	1,7%
Framlag vegna tónlistarskóla	136	130	6	4,4%
Annað	11	50	-39	-78,4%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	3.628	3.974	-345	-8,7%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-1.297	-1.467	170	-11,6%